



Að taka lán eða spara

1. Hvenær þarf fólk helst að taka lán? Svar: þegar það kaupir fasteign eða fer í nám.
2. Hvað með lán fyrir bíl eða öðru sem við viljum gera?
3. Hvort mynduð þið taka lán fyrir einhverju eða bíða og spara fyrir því?

Hér getur verið fínt að skoða reiknivélar á vefsíðum bankanna með krökkunum, bæði fyrir lán og sparnað.

Sparnaðarmarkmið – tími: Hversu lengi er ég að ná tilsettu sparnaðarmarkmiði ef ég legg ákveðna upphæð á mánuði?

- Sparnaðarmarkmið = x
- Vextir = y
- Reglulegur sparnaður = z
- Tími = ?

Framtíðarviðri: Hvað verður eign mín orðin há eftir ákveðinn tíma og ávöxtun?

- Byrjunarupphæð = x
- Vextir = y
- Tími = z
- Lokaupphæð = ?

Lokaupphæð: hver verður lokaupphæð ef ég legg inn pening í byrjun og bæti svo við ákveðinni upphæð í hverjum mánuði í ákveðinn tíma?

- Byrjunarupphæð = x
- Vextir = y
- Tími = z
- Reglulegur sparnaður = a
- Lokaupphæð = ?

Sparnaðartakmark – reglulegur sparnaður: Hvað þarf ég að leggja mikið fyrir á mánuði til að ná ákveðinni upphæð eftir ákveðinn tíma?

- Sparnaðartakmark = X
- Vextir = y
- Tími = z
- Reglulegur sparnaður = ?